

Skútustaðahreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 06.júní 2016
UST201605-016/S.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 - 2023 - lýsing - sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða.

Umhverfisstofnun vísar til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að aðalskipulagi sorpflokkunarsvæðis í landi Grímsstaða norðan Mývatns.

Skipulagslýsing

Samkvæmt skipulagslýsingu er svæðið sem hér um ræðir landbúnaðarsvæði þar sem hvorki eru vistkerfi né jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig er tekið fram að sorpflokkunarstöðvar og móttökustöðvar fyrir úrgang til endurvinnslu eru ekki tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og því falli umrædd aðalskipulags-breyting ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að gámasvæði hefur verið við Múlaveg í Reykjahlíð en þörf sé fyrir stærra svæði þar sem rými verður fyrir flokkun úrgangs til brottflutnings og endurvinnslu. Stefnt er að því að koma upp móttöku- og flokkunarsvæði við þjóðveg 1 norðan afleggjara að Rönd, suðaustan við Bæjaröxl. Stöðin verður norðan vegslóða sem liggur frá þjóðvegi til vesturs fram hjá Fésöxl að Rönd en þar eru nokkur frístundahús. Svæðið verður afgirt og vaktað, um 2.200 m² í fyrsta áfanga en gert er ráð fyrir allt að 4.000 m² svæði. Samkvæmt lýsingu voru nokkrir staðarvalskostir skoðaðir en ekki náðist samkomulag við landeigendur. Tveir kostir hafi að lokum komið til skoðunar í landi Grímsstaða, norðan Kísilvegjar skammt norðan vegamóta við þjóðveg 1 og sá staður sem er lagður var til. Fjórir skráðir minjastaðir eru í um 350-400 m fjarlægð frá fyrirhugaðri sorpflokkunarstöð sömu megin þjóðvegjar. Í lýsingu segir að ekki virðist líklegt að framkvæmdir á fyrirhugðu framkvæmdasvæði muni hafa áhrif á þessa minjastaði Helstu rök fyrir staðarvali eru sögð vera hentug staðsetning fyrir íbúa og ferðafólk, í alfaraleið auk þess sem staðurinn er í skjóli, þ.e. tiltölulega lítið áberandi þótt svæðið sjáist t.d. frá áningarstað við vegamótin við Kísilveg og ekki í sjónmáli frá byggð. Einnig var litið til þess að tenging við þjóðveg er fyrir hendi og því ekki þörf á nýrri tengingu.

Umsögn

Markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 eru margþætt og koma fram í 1. - 3. gr. laganna. Í XII. kafla laganna er svo fjallað um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira. Í 68. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um gerð skipulagsáætlana en í 1. mgr. 68. gr. segir að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefnda við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim.

Hér kemur helst til skoðunar nálægð við minjastaði og Mývatn. Í því samhengi ber að skoða lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu nr. 97/2004 og reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012. Samkvæmt lýsingu verður sorpflokkunarstöðin á mörkum verndarsvæðisins eins og markalína þess er dregin meðfram vegslóðanum að Rönd og Hringvegi upp að Kísilvegi. Í lýsingunni er tekið fram að þrátt fyrir það verði tekið mið af ákvæðum laga nr. 97/2004 og reglugerðar nr. 665/2012 við framkvæmdir og rekstur á svæðinu.


Umhverfisstofnun bendir einnig á að kveðið er á um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis í 54. gr. náttúruverndarlaga og að hafa ber í huga aðgæsluskyldu skv. 6. gr. náttúruverndarlaga.

Í skipulagslýsingu er tekið fram að sorpflokkunarstöðvar og móttökustöðvar fyrir úrgang til endurvinnslu eru ekki tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og því falli umrædd aðalskipulags-breyting ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Þó ber að athuga hvort hún falli undir lið 11. aðrar framkvæmdir í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, en þar er gr. 11.15: endurnýting úrgangs þar sem meðhöndluð eru meiri en 500 tonn af úrgangi á ári.

Athugasemd er gerð við það að í lýsingu kemur ekki fram hvert umfang starfseminnar verði þ.e. hversu mikið magn úrgangs verður geymt eða meðhöndlað á svæðinu og hvers eðlis hann er. Hvort hér er um að ræða almennt heimilissorp, annan úrgang eða spilliefni. Einnig er athugasemd gerð við það að ekki kemur fram í lýsingu hvernig úrgangur verði geymdur, hvort um sé að ræða geymslu í gámum eða kerum og þá hvort um opnar, lokaðar eða lekaheldar geymslueiningar sé að ræða. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að leggja mat á það hvaða ráðstafana eðlilegt er að grípa til, til dæmis hvort nauðsynlegt þyki að gera kröfu um jarðfræðilega tálma, svo sem bundið yfirborðslag til að koma í veg fyrir mengun eða losun efna út í umhverfið. Í því samhengi er rétt að vísa í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs en þar kemur m.a. fram í 11. gr. sú meginregla að bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Athuga ber einnig, eftir atvikum, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.


Sigríður Skaftadóttir
Svið Samþættingar

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur
Svið Samþættingar